

Mai 2020



Drög að stefnu um barnvænt Ísland

Útgefandi:

Félagsmálaráðuneyti
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Maí 2020

frn@frn.is

<https://www.stjornarradid.is/raduneyti/felagsmalaraduneytid/>

Umbrot og textavinnsla:

Félagsmálaráðuneyti

©2020 Félagsmálaráðuneyti

ISBN XXXX

Efnisyfirlit

Inngangur	4
1. Yfirlit yfir tillögur.....	7
2. Nánar um tillögur	9

Inngangur

Vorið 2018 stóð þáverandi velferðarráðuneyti fyrir ráðstefnu og vinnufundi um snemmtæka íhlutun í málefnum barna. Niðurstöður vinnufundarins endurspegluðu skýran vilja samfélagsins um aukið þverfaglegt samstarf innan þjónustukerfa sem sinna börnum og fjölskyldum þeirra. Áhersla var jafnframt lögð á að hagsmunir barna væru ávallt í fyrirrúmi og að við stefnumótun í málaflokknum yrði heildarsýn, sem tæki mið af sjónarhorni allra aðila sem koma að málefnum barna og fjölskyldna, ekki síst barnanna sjálfra, höfð að leiðarljósi.

Þann 7. september 2018 rituðu ráðherrar félags- og jafnréttismála, heilbrigðismála, mennta- og menningarmála, dómsmála, samgöngu- og sveitarstjórnarmála og Samband íslenskra sveitarfélaga undir viljayfirlýsingu um að afnema hindranir milli kerfa, bæta þjónustu í þágu barna og skapa barnvænt samfélag. Þar lýstu framangreindir aðilar yfir vilja til að auka samstarf milli málefnasviða sem undir þá heyra og varða réttindi og velferð barna. Í kjölfarið tók til starfa þverpólitísk þingmannanefnd um málefni barna, þar sem sæti eiga fulltrúar allra flokka á Alþingi og stýrihópur Stjórnarráðsins í málefnum barna, sem samanstendur af fulltrúum þeirra ráðuneyta sem rituðu undir viljayfirlýsingu auk fulltrúa forsætisráðherra og áheyrnarfulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Frá hausti 2018 hefur umfangsmikil vinna farið fram innan veggja félagsmálaráðuneytisins, í þingmannanefndinni og í stýrihópi Stjórnarráðsins í málefnum barna. Sú vinna hefur m.a. verið efniviður fyrir smíði lagafrumvarpa sem félags- og barnamálaráðherra mun leggja fram á 151. löggjafarþingi. Áformað er að skapa lagaumhverfi sem tekur mið af snemmtækum stuðningi, aukinni samþættingu í þjónustu og auknu samstarfi við stefnumótun ríkis og sveitarfélaga um málefni barna. Vinna stýrihópsins hefur einnig beinst að því að skoða hvernig hægt sé að tryggja aukið samráð stjórnvalda við börn og ungmenni skv. 12. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, tryggja markvisst hagsmunamat út frá réttindum barna skv. 3. gr. sáttmálans ásamt því að skoða hvernig hægt sé að tryggja heildstæða innleiðingu Barnasáttmálans.

Þann 28. febrúar 2019 samþykkti ríkisstjórn Íslands tillögu félags- og barnamálaráðherra um að fela stýrihópnum að móta stefnu um aukna þátttöku barna og ungmenna í stefnumótun stjórnvalda. Tillagan fól einnig í sér að þróað væri verklag fyrir gerð hagsmunamats út frá réttindum barna fyrir allar stærri ákvarðanir á vegum stjórnvalda sem og þróun lagafrumvarpa. Stefnan skyldi tryggja að hugað væri að ólíkum þörfum einstaklinga og hópa ásamt því að stuðla að jöfnum tækifærum barna og ungmenna til þátttöku, án mismununar af nokkru

tagi. Með samþykkt tillögunnar kom fram skýr vilji ríkisstjórnarinnar um að börn og ungmenni fái í ríkari mæli tækifæri til þess að koma skoðunum sínum á framfæri, að þátttaka þeirra verði aukin og að sú þátttaka verði markviss, regluleg og raunveruleg. Tillagan er í samræmi við 3. og 12. gr. Barnasáttmálans auk þess sem hún kallar á að horft sé heildstætt á þær kröfur sem sáttmálinn gerir til ríkja. Úttekt íslenskra stjórnvalda hjá Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna er fyrirhuguð í janúar 2021 og því mikilvægt að nota þetta tækifæri til að koma til móts við helstu athugasemdir sem nefndin hefur gert við framkvæmd sáttmálans hér á landi. Við mótun stefnunnar var horft til [tilmæla](#) Barnaréttarnefndarinnar en einnig til þeirra umfangsmiklu verkefna sem stjórnvöld hafa þegar sett af stað til að efla þátttöku, velferð og réttindi barna hér á landi.

Vorið 2019, undirritaðu félags- og barnamálaráðherra og umboðsmaður barna, samkomulag um aukið samstarf í málefnum barna. Með samkomulaginu tók embætti umboðsmanns barna að sér að móta tillögur um breytt verklag með aukinni áherslu á börn en þess ber að geta að stór hluti umræddra tillagna eru hluti af þessu skjali. Enn fremur undirritaði félags- og barnamálaráðherra samstarfssamning við Landsamband ungmennafélaga, LUF, um formlegt samstarf stjórnvalda við ungmenni í vinnu félagsmálaráðuneytisins sem lýtur að málefnum barna og ungmenna. Með samningnum er samráð LUF við félagsmálaráðuneytið formfest, m.a. með rýni á lagafrumvörpum og öðrum málum. Þar að auki var LUF falið að móta tillögur til ráðherra um aðferðir til að auka samráð stjórnvalda við ungt fólk. Þá skal jafnframt tekið fram að síðustu ár hefur mennta- og menningarmálaráðuneytið stutt þróun innleiðingarverkefnis fyrir Barnasáttmálann innan skóla- og frístundastarfs, sem kallast Réttindaskóli UNICEF, en verkefnið hefur vaxið hratt á síðustu misserum. Jafnt sem mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur unnið með samtökum félagsmiðstöðva, SAMFÉS að því að tryggja markvissa aðkomu ungs fólks að ákvarðanatöku stjórnvalda. Forsætisráðuneytið hefur einnig haldið utan um starfsemi ungmennaráðs heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna sem hefur starfað síðustu tvö ár við góðan orðstýr. Auk þess sem hlutverk umboðsmanns barna var nýlega útvíkkað með lagabreytingu sem felur m.a. í sér að barnaþing sé haldið á annað hvert ár. Í nóvember síðastliðnum undirritaði félags- og barnamálaráðherra jafnframt samstarfssamning um verkefnið barnvæn sveitarfélög við UNICEF. Markmið samstarfsins er að á næsta áratug hafi öll sveitarfélög á Íslandi hafið markvissa innleiðingu Barnasáttmálans og tryggt markvissa aðkomu barna að starfi sveitarfélaga.

Með hliðsjón af samráði stýrihóps Stjórnarráðsins í málefnum barna um meðfylgjandi stefnu, ákalli um aukna heildarsýn í stefnumótun í málaflokkum er varða velferð og réttindi barna, viljayfirlýsingu ráðherra félags- og jafnréttismála,

heilbrigðismála, mennta- og menningarmála, dómsmála, samgöngu- og sveitarstjórnarmála og Sambands íslenskra sveitarfélaga um að vinna saman að því að skapa barnvænna samfélag, tilmælum Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna til íslenskra stjórnvalda, tillögum frá umboðsmanni barna um þátttöku barna, samstarfi við Landsamband ungmennafélaga um mótun ferla við þátttöku barna og ungmenna og samstarfi félagsmálaráðuneytisins við UNICEF er eftirfarandi stefna lögð fram. Tillögurnar sem kynntar eru í stefnunni varða alla aðila er fara með stefnumótun, framkvæmdaaðila þjónustu og aðra aðila sem taka ákvarðanir er varða börn, hvort sem er innan ráðuneyta, stofnana eða sveitarfélaga.

Markmið tillagnanna er að innleiða verklag og ferla sem tryggja jafnræði og markvissa þátttöku barna og ungmenna innan stjórnáætlunar, aukið samstarf milli opinberra aðila með velferð barna að leiðarljósi, tryggja markvisst verklag við hagsmunamat út frá réttindum og velferð barna auk heilstæðrar innleiðingar réttinda barna. Í kjölfar þess að stefna þessi telst fullkláruð stendur til að útfæra tillögur sem hún nær til í aðgerðaáætlun þar sem skýr verður rammi settur utan um framkvæmd aðgerða, með tímasettum, kostnaðarmetnum og afmörkuðum markmiðum. Stefnt er að birtingu aðgerðaáætlunarinnar undir árslok 2020.

1. Yfirlit yfir tillögur

- 1. Samræming þátttöku, hagsmunamats og innleiðingar réttinda barna**
Markmið: Að samræma framkvæmd meðfylgjandi stefnu, með því að fela tilteknum aðila eða stofnun það hlutverk.
- 2. Lagabreytingar og alþjóðlegar skuldbindingar er varða börn**
Markmið: Að tryggja aukið samræmi milli greina Barnasáttmálans og íslenskrar löggjafar ásamt því að uppfylla frekari alþjóðlegar skuldbindingar er varða réttindi barna.
- 3. Hagsmunamat út frá réttindum barnsins (e. *Child Rights Impact Assessment, CRIA*)**
Markmið: Að hagsmunamat út frá réttindum barnsins verði innleitt með markvissum hætti og að slíkt mat verði hluti af skyldubundnu ferli við undirbúning lagafrumvarpa og stefnumótandi ákvarðana.
- 4. Fullgilding þriðju valfrjálsu bókunarinnar við Barnasáttmálann**
Markmið: Að börn geti leitað til Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna með mál sín.
- 5. Réttindi barna – stuðningur, ráðgjöf og aðstoð**
Markmið: Börn og/eða foreldrar þeirra geti leitað stuðnings og ráðgjafar hjá opinberum aðila sem aðstoðar þau við að leita réttar síns innan kerfisins ef þau telja að á rétti sínum sé brotið.
- 6. Fræðsla um þátttöku og réttindi barna**
Markmið: Að tryggja þekkingu barna, almennings og opinberra starfsmanna/fagstétta á réttindum barna og skyldum stjórnvalda samkvæmt Barnasáttmálanum.
- 7. Þátttöku- og barnaréttindafulltrúar innan stofnana Stjórnarráðsins og í sveitarfélögum.**
Markmið: Að þátttöku- og barnaréttindafulltrúar starfi innan opinberra stofnana og sveitarfélaga.

8. Farsældarmælaborð – tölfræði um velferð og réttindi barna á Íslandi

Markmið: Að til staðar sé víðtækt tölfræðilegt yfirlit yfir velferð, líðan og réttindi barna á Íslandi. Tölfræðigögnin séu aðgengileg í mælaborði og hafi markviss áhrif á stefnumótun og forgangsroðun verkefna og fjármuna.

9. Greining útgjalda hins opinbera með tilliti til velferðar og réttinda barna

Markmið: Að þróa og innleiða verklag sem miðar að því að greina fjárlög út frá réttindum og velferð barna, með sérstakri áherslu á að skoða úthlutun fjármagns til þjónustu og verkefna fyrir viðkvæma hópa barna. Verklagið myndi auðvelda stjórnvöldum samanburð á úthlutun fjármagns til ólíkrar þjónustu fyrir börn milli ára, tímabila og landssvæða/hverfa.

10. Samráðsvettvangur barna og ungmenna við stjórnvöld á Íslandi

Markmið: Að skapa vettvang sem tryggir markvisst samráð stjórnvalda við ungmennaráð, ráðgjafahópa og ungmennasamtök á landsvísu. Vettvangurinn hefði það hlutverk að halda utan um samskipti Stjórnarráðsins við börn og ungmenni ásamt því að tryggja jafnræði í samskiptum stjórnvalda við ólíka hópa barna og ungmenna.

11. Samráðsgátt stjórnvalda og aðgengi barna að upplýsingum

Markmið: Að samráðsgáttin verði vettvangur þar sem börn og ungmenni geti með auðveldum hætti komið sjónarmiðum sínum á framfæri og sótt upplýsingar. Tryggt verði að upplýsingar um verkefni stjórnvalda séu aðgengilegar börnum og ungmenum.

12. Barnvæn sveitarfélög

Markmið: Að öll sveitarfélög á Íslandi verði barnvæn sveitarfélög og innleiði réttindi barna með markvissum hætti.

13. Skólar og frítímastarf innleiði réttindi barna í starf sitt

Markmið: Að á næstu tíu árum sæki öll börn á leik- og grunnskólaaldri á Íslandi formlega og óformlega menntun sína innan stofnana sem hafa unnið markvisst að því að innleiða Barnasáttmálann inn í starf sitt

2. Nánar um tillögur

1. Samræming þátttöku, hagsmunamats og innleiðingar réttinda barna

Markmið: Að samræma framkvæmd meðfylgjandi stefnu, með því að fela tilteknum aðila eða stofnun það hlutverk.

Við lögfestingu Barnasáttmálans var mörkuð sú stefna að allar ákvarðanir opinberra aðila byggji á þeim réttindum sem sáttmálinn kveður á um. Nauðsynlegt er að tryggja að opinberar stofnanir njóti viðeigandi stuðnings við framkvæmd sáttmálans, s.s. í formi verklagsreglna og fræðslu. Markviss innleiðing Barnasáttmálans innan stjórnarsýslunnar kallar á að til staðar sé vettvangur sem hafi það hlutverk að samræma og leiða vinnuna við innleiðingu Barnasáttmálans og þátttöku barna, þvert á ráðuneyti og opinberar stofnanir og stjórnarsýslustig.

Hlutverk samræmingaraðila, sem getur t.d. verið opinber stofnun, væri að fylgja eftir aðgerðaáætlun um framkvæmd sáttmálans, standa fyrir fræðslu og námskeiðum um réttindi barna innan Stjórnarráðsins (sjá tillögu 2), aðstoða opinbera aðila við gerð hagsmunamats út frá réttindum barna (sjá lið 6), vinna með opinberum aðilum að því að tryggja virka, marktæka og ábyrga þátttöku barna og ungmenna í stjórnarsýslunni, halda utan um samskipti við samráðsvettvang barna og ungmenna við stjórnvöld (sjá lið 10) og stuðla að markvissu samtali milli barna/ungmenna og Alþingis. Samræmingaraðilinn sæi einnig um að leggja reglulega mat á hvernig þátttaka barna sé tryggð við stefnumótun og ákvarðanatöku í málum sem varða þau, þannig að unnt verði að fylgjast með þróuninni á þessu sviði og leggja mat á þörf á frekari úrbótum. Einnig hefði samræmingaraðili það hlutverk að koma á verklagi innan Stjórnarráðsins sem tryggði að ef ráðuneyti og stofnanir gera samning um þjónustu eða tiltekin verkefni sem varða málefni barna, sé gert ráð fyrir þátttöku barna í viðkomandi samningi.

Hlutverk óháðs aðila er í samræmi við athugasemd Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna til Íslands árið 2011, en þar lagði nefndin til að stofnað yrði varanlegt „kerfi“ sem hefði það hlutverk að samræma innleiðingu réttinda barna þvert á allar stofnanir og stjórnarsýslustig. Í tillögum embættis umboðsmanns barna, um aukna þátttöku barna, var jafnframt lagt til að samræmingaraðili tæki til starfa innan Stjórnarráðsins sem hefði það hlutverk að vinna með ríkisstofnunum að því að efla aðkomu að málefnum barna, til þess að rýna í verklag og verkefni viðkomandi stofnunar og koma auga á og nýta möguleika á tækifærum til að auka aðkomu og þátttöku barna

Umræddum aðila/stofnun yrði jafnframt falið það hlutverk að halda utan um verkefnið barnvænt Ísland og samræma þannig vinnu ríkis og sveitarfélaga við innleiðingu Barnasáttmálans.

2. Lagabreytingar og alþjóðlegar skuldbindingar er varða börn

Markmið: Að tryggja aukið samræmi milli greina Barnasáttmálans og íslenskrar löggjafar ásamt því að uppfylla frekari alþjóðlegar skuldbindingar er varða réttindi barna.

Til að tryggja markvissa innleiðingu Barnasáttmálans verði farið í heildstæða endurskoðun á íslenskum lögum til að tryggja samræmi milli Barnasáttmálans og löggjafar. Væri þar horft sérstaklega til þess að tryggja að grundvallarforsendur sáttmálans endurspeglast í allri löggjöf er varðar börn, en eins að samráð og þátttaka barna sé tryggð í verkefnum stofnana og ráðuneyta.

Fyrir liggur að gera verður breytingar á ýmsum lögum og reglum til að áætlan þessi gangi eftir. M.a. þarf að lögfesta ungmennaráð sveitarfélaga með breytingum á æskulýðslögum nr. 70/2007 og skýra hlutverk þeirra, ábyrgð og umboð. Jafnframt væri mikilvægt að útfæra gerð hagsmunamats út frá réttindum barna við vinnslu frumvarpa og stærri ákvarðana á vegum opinberra aðila, samanber 3. grein Barnasáttmálans (liður 6). Einnig væri mikilvægt að skoða lagabreytingar þegar kemur að hlutverki sveitarfélaga við innleiðingu Barnasáttmálans.

Samhliða endurskoðuninni verði hugað að því að fullgilda Haag samninginn um Barnavernd frá 1996 (e. *HCCH Convention on Jurisdiction, Applicable Law, Recognition, Enforcement and Cooperation in Respect of Parental Responsibility and Measures for the Protection of Children*) samkvæmt ráðleggingum Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna.

3. Hagsmunamat út frá réttindum barnsins (e. *Child Rights Impact Assessment, CRIA*)

Markmið: Að hagsmunamat út frá réttindum barnsins verði innleitt með markvissum hætti og að slíkt mat verði hluti af skyldubundnu ferli við undirbúning lagafrumvarpa og stefnumótandi ákvarðana.

Tryggð verði framkvæmd mats út frá hagsmunum og réttindum barna við stefnumótun og lagasetningu. Matið er hluti af þeim kröfum sem Barnasáttmálinn gerir til opinberra aðila út frá 3. grein sáttmálans. Umrædd grein leggur þá kröfu

á opinbera aðila að það sem barninu sé fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar stofnanir á vegum hins opinbera eða einkaaðila, dómstólar, stjórnvöld eða löggjafinn gerir ráðstafanir sem varða börn. Hagsmunamatið tryggir þannig að markviss prófun fari fram á hagsmunum barns/barna þegar lagafrumvörp eru rituð eða unnið er að stefnumótun á vegum hins opinbera. Gefnar yrðu út leiðbeiningar um framkvæmd matsins og starfsmenn Stjórnarráðsins fengju þjálfun og stuðning við gerð þess. Einnig væri starfsfólki sveitarfélaga boðið upp á slíka þjálfun. Umrædd þjálfun væri jafnframt hluti af reglulegri fræðslu og endurmenntun starfsmanna Stjórnarráðsins.

[Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur skilgreint með hvaða formerkjum hagsmunamatið eigi að fari fram](#), en það tilgreinir m.a. að alltaf skuli eiga samráð við börn við gerð slíks mats. Þannig er þátttaka barna markvisst tryggð í stefnumótun og ákvarðanatöku í málum sem varða þau. Við lögfestinguna væri hægt að byggja á reynslu Skota, en í Skotlandi er skylda að hagsmunamat út frá réttindum barna fylgi lagafrumvörpum.

Samræmingaraðilinn (tillaga 1) gæti aðstoðað opinberar stofnanir og þingmenn við framkvæmd slíks mats á frumstigum frumvarpsgerðar, útbúið leiðbeiningar og fræðsluefni og staðið fyrir námskeiðum til að efla opinbera starfsmenn og kjörna aðila í að vinna matið í samstarfi við umboðsmann barna. Lagafrumvörp og stefnumótun opinberra aðila hefur að mismiklu leyti tengingu eða áhrif á börn og hefði það áhrif á hvort og hversu ítarlegt hagsmunamatið væri hverju sinni.

4. Fullgilding þriðju valfrjálsu bókunarinnar við Barnasáttmálann

Markmið: Að börn geti leitað til Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna með mál sín.

Þriðja valfrjálsa bókunin við Barnasáttmálann fjallar um sjálfstæða kvörtunarleið fyrir börn og fulltrúa þeirra til Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna. Börn í aðildarríkjum sem fullgilt hafa bókunina geta leitað til nefndarinnar ef þau telja að brotið hafi verið á réttindum þeirra í heimalandi og þau hafa þegar tæmt innlend réttarúrræði. Áður en bókunin tók gildi var Barnasáttmálinn eini sáttmálinn innan mannréttindakerfis Sameinuðu þjóðanna sem hafði enga kvörtunarleið fyrir rétthafa samningsins.

Barnaréttarnefndin hefur lagt áherslu á að aðildarríki sáttmálans fullgildi þriðju valfrjálsu bókunina og tryggi þannig aðgengi barna að kvörtunarferlinu og er mikilvægt að íslensk stjórnvöld vinni að því markmiði undir forystu dómsmálaráðuneytisins.

Íslensk stjórnvöld, undir forystu dómsmálaráðuneytisins, fullgildi þriðju valfrjálsu bókunina og tryggja aðgengi barna að kvörtunarferli Barnaréttarnefndarinnar. Litið er svo á að bókunin eflí réttindi barna, sértaklega barna í viðkvæmri stöðu. Bókunin gefur Barnaréttarnefndinni leyfi til þess að túlka betur einstaka greinar Barnasáttmálans og veita aðildarríkjum leiðbeiningar um hvernig betur megi vernda réttindi barna. Í alþjóðlegu samhengi styrkir bókunin eftirlitshlutverk Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna auk þess sem hún styrkir vernd á réttindum barna almennt. Bókunin styrkir einnig sjálfstæðar mannréttindastofnanir sem starfa fyrir börn, t.d. umboðsmenn barna innan þeirra landa sem fullgilt/lögfest hafa bókunina.

Til að tryggja aðgengi allra barna að kvörtunarleið Barnaréttarnefndarinnar, væri hún gerð auðskiljanleg og aðgengileg fyrir börn. Börn verði upplýst um kvörtunarleiðina og ferli hennar. Í því tilliti ætti að gera börnum kleift að koma sjálf ábendingum sínum á framfæri með ríkum stuðningi. Samhliða væri unnið að því að upplýsa lögmenn til að tryggja að þekking sé til staðar innan stéttarinnar á úrræðinu.

5. Réttindi barna – stuðningur, ráðgjöf og aðstoð

Markmið: Börn og/eða foreldrar þeirra geti leitað stuðnings og ráðgjafar hjá opinberum aðila sem aðstoðar þau við að leita réttar síns innan kerfisins, ef þau telja að á rétti sínum sé brotið.

Stjórnvöld tryggi að til staðar sé aðili sem hefði það hlutverk að taka á móti kvörtunum í málum barna, í samræmi við athugasemdir Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna og tillögu þrjú hér að framan. Sá aðili myndi vinna fyrir hönd barna og ungmenna og bjóða þeim stuðning, ráðgjöf og aðstoð í málum sínum. Við útfærslu tillögunnar væri mikilvægt að hefja samtal við umboðsmann Alþingis og fleiri aðila. Tillagan þessi er í samræmi við athugasemdir Barnaréttarnefndarinnar.

Huga þyrfti að því að þjónustan sem um ræði væri vel kynnt börnum og tryggt að þau gætu með auðveldum hætti átt samskipti við viðkomandi aðila undir eigin formerkjum. Ef viðunandi lausn fyndist ekki á málum einstaklinga sem leita til stofunnar vegna lögbundinnar þjónustu ríkis eða sveitarfélaga myndi stofnunin aðstoða skjólstæðinga sína við að leita með mál sín til Barnaréttarnefndarinnar, á grundvelli þess að þriðja valvæða bókunin væri fullgilt hér á landi (tillaga 3).

6. Fræðsla um þátttöku og réttindi barna

Markmið: Að tryggja þekkingu barna, almennings og opinberra starfsmanna/fagstétta á réttindum barna og skyldum stjórnvalda samkvæmt Barnasáttmálanum.

Barnasáttmálinn kveður á um að stjórnvöld tryggi fræðslu barna og fullorðinna um efni sáttmálans. Sérstaklega þarf að líta til þeirra stofnana og starfstétta sem koma að málefnum barna, en einnig að tryggja að aðrar stofnanir þekki skyldur sínar og geti greint ákvarðanir sínar út frá hagsmunum barna, jafnt sem að börn þekki réttindi sín.

Til að tryggja markvissa fræðslu verður sett saman fræðsluáætlun til þriggja ára með það fyrir augum að efla þekkingu opinberra starfsmanna og fagstétta á hagnýtu gildi Barnasáttmálans og þeim skyldum sem sáttmálanum fylgja. Í framhaldinu yrði fræðslan hluti af reglulegri þjálfun og endurmenntun opinberra starfsmanna. Fræðsluáætlun gæti verið samstarfsverkefni samræmingaraðila (liður 1) og umboðsmanns barna. Má hér líta til verkefnis sem sænska ríkisstjórnin fól umboðsmanni barna í Svíþjóð, undir heitinu *Kunskapslyftet*. Fræðsluáætlunin miðaði jafnframt að því að efla þekkingu meðal barna og ungmenna á Barnasáttmálanum í samstarfi við skóla, félagasamtök o.fl. Við undirbúning fræðsluáætlunarinnar væri settur á stofn sjóður sem félagasamtök, fræðimenn, börn og ungmenni o.fl. myndu geta sótt um í fyrir þróun fræðsluefnis um Barnasáttmálann. Þau verkefni sem hlytu stuðning sjóðsins yrðu sjálfkrafa hluti af fræðsluáætlun stjórnvalda.

Í fræðsluáætluninni væri sérstaklega horft til þess að deila því efni sem þegar hefur verið framleitt, t.d. www.barnasattmali.is, sem unnið er að því að uppfæra með styrk frá ríkisstjórninni, ásamt því að þróa og gefa út nýjar handbækur, fræðsluefni og námskeið fyrir ólíkar fagstéttir sem koma að málefnum barna með einum og öðrum hætti t.d. lögregla, heilbrigðisstarfsfólk, starfsfólk dómstóla, lögmenn, félagsráðgjafar, starfsmenn á vettvangi skóla og frítíma, kjörna fulltrúa og starfsfólk Stjórnarráðsins.

7. Þátttöku- og barnaréttindafulltrúar innan stofnana Stjórnarráðsins og í sveitarfélögum

Markmið: Að þátttöku- og barnaréttindafulltrúar starfi innan opinberra stofnana og sveitarfélaga.

Ráðuneyti, opinberar stofnanir og sveitarfélög tilnefni þátttöku-/barnaréttarfulltrúa, í samvinnu við embætti umboðsmanns barna og

samræmingaraðila (tillaga 1). Þátttöku-/barnaréttarfulltrúar sætu árlegt námskeið umboðsmanns barna, þar sem fjallað væri um Barnasáttmálann, réttindi og hagsmuni barna, notkun mælaborðs (liður 8), gerð hagsmunamats og mikilvægi samráðs við börn. Litið verði til sænskrar fyrirmyndar þar sem gerðar hafa verið tilraunir með svokallaða *barnrättspiloter*, sem hafa það hlutverk að vaka yfir réttindum barna á vinnustað sínum, sjá um að fræða og upplýsa samstarfsfélaga sína og eru stjórnendum viðkomandi stofnunar til stuðnings í málum þar sem ákvæði Barnasáttmálans koma til álita. Gert er ráð fyrir að þátttöku-/barnaréttarfulltrúar séu í góðum og reglulegum samskiptum við umboðsmann barna og samræmingaraðila, sem veiti þeim stuðning í hlutverki þeirra. Mikilvægt er að tryggja að þekking á Barnasáttmálanum og málefnum barna innan opinberra stofnana verði þó ekki einskorðuð við þátttöku-/barnaréttarfulltrúana. Það er á ábyrgð allra opinberra starfsmanna að tryggja að réttindum barna sé framfylgt.

8. Farsældarmælaborð – tölfræði um velferð og réttindi barna á Íslandi

Markmið: Að til staðar sé víðtækt tölfræðilegt yfirlit yfir velferð, líðan og réttindi barna á Íslandi. Tölfræðigögnin séu aðgengileg í mælaborði og hafi markviss áhrif á stefnumótun og forgangsröðun verkefna og fjármuna.

Farsældarmælaborð, sem byggir á mælaborði sem hefur verið í þróun hjá Kópavogsbæ síðustu ár, verði til staðar í hverju sveitarfélagi. Í fámennum sveitarfélögum verði stuðst við afmarkað landssvæði. Mælaborðið taki saman ópersónugreinanleg tölfræðigögn um börn með markvissum hætti. Umsjónaraðilar mælaborðsins verði samræmingaraðili (tillaga 1), Hagstofa Íslands, umboðsmaður barna o.fl. Samhliða verður þróað mælaborð sem tekur saman stöðu barna á landsvísu, út frá sömu mælikvörðum og til staðar eru í mælaborði sveitarfélaga.

Mælaborðið taki saman helstu velferðarvísa um stöðu og réttindi barna og verði haft til hliðsjónar við forgangsröðun/fjármögnun verkefna og stefnumótun stjórnvalda. Mælaborðið verði þannig nýtt sem vegvísir innan stjórnkerfisins.

9. Greining útgjalda hins opinbera með tilliti til velferðar og réttinda barna

Markmið: Að þróa og innleiða verklag sem miðar að því að greina fjárlög út frá réttindum og velferð barna, með sérstakri áherslu á að skoða úthlutun fjármagns

til þjónustu og verkefna fyrir viðkvæma hópa barna. Verklagið myndi auðvelda stjórnvöldum samanburð á úthlutun fjármagns til ólíkrar þjónustu fyrir börn milli ára, tímabila og landssvæða/hverfa.

Samanburður af þessu tagi er mikilvægt stjórnæki við ákvarðanir er varða réttindi barna, t.d. til heilbrigðis- og félags-/barnaverndarþjónustu. Þetta á enn fremur við um tilfærslukerfi hins opinbera svo sem vegna barnabóta, umönnunarbóta vegna fatlaðra og/eða langveikra barna og fæðingarorlofs. Í greiningunni verði einnig horft til frístundastyrkja sveitarfélaga, dreifbýlisstyrkja, þátttöku í íþrótta- og æskulýðsstarfi og kostnaðar vegna stuðnings við börn af erlendum uppruna.

Greiningin myndi einnig horfa til framkvæmdar málaflokka sem varða réttindi barna sérstaklega, svo sem vegna forsjár-, umgengis- og ættleiðingamála, fjárveitingar til umboðsmanns barna sem og framlög til frjálsra félagasamtaka sem helga sig réttindum barna hér og erlendis og framlög til verkefna sem styrkja stöðu barna í þróunarríkjum.

10. Samráðsvettvangur barna og ungmenna við stjórnvöld á Íslandi

Markmið: Að skapa vettvang sem tryggir markvisst samráð stjórnvalda við ungmennaráð, ráðgjafahópa og ungmennasamtök á landsvísu. Vettvangurinn hefði það hlutverk að halda utan um samskipti stjórnarráðsins við börn og ungmenni ásamt því að tryggja jafnræði í samskiptum stjórnvalda við ólíka hópa barna og ungmenna.

Í 12. gr. Barnasáttmálans kemur fram að aðildarríki skulu tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálst í ljós í öllum málum sem það varða og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur og þroska. Mikilvægt er að tryggja jafnt aðgengi barna að samráði við stjórnvöld, ekki síst börnum sem tilheyra jaðarsettum hópum eða börnum sem búa fyrir utan höfuðborgarsvæðisins.

Í langflestum sveitarfélögum á Íslandi starfa ungmennaráð í samræmi við ákvæði æskulýðslaga. Einnig eru starfandi ýmis önnur ungmennaráð um sértæk málefni eða hjá félagasamtökum. Með breytingum á lögum um umboðsmann barna, sem m.a. sneru að því að lögfesta hlutverk ráðgjafahóps embættisins og starfsemi barnaþings er skapaður mikilvægur vettvangur fyrir samtali milli stjórnvalda og barna / ungmenna. Einnig hefur LUF (Landssamband ungmennafélaga) og SAMFÉS (samtök félagsmiðstöðva) unnið með markvissum hætti að því að útvíkka samtali við stjórnvöld um reglulegt samráð við börn og ungmenni á landsvísu. Hingað til

hafa ráðuneyti og opinberar stofnanir átt samráð við flest þessara ungmennaráða, að einhverju marki. Hins vegar hefur ákveðins misræmis gætt í því hvaða ungmennaráð/ráðgjafahópa leitað er til. Eins hefur þátttaka barna utan höfuðborgarsvæðisins verið takmörkuð, að frátöldu barnaþingi umboðsmann barna sem haldið er á tveggja ára fresti.

Lagt er til að stofnaður verðir samráðsvettvangur þar sem öll ungmennaráð/ráðgjafahópar og ungmennasamtök geta tekið þátt í virku samráði við stjórnvöld. Öllum ungmennaráðum/ráðgjafahópum, ungmennasamtökum og börnum á aldrinum 8-18 ára væri gert kleift að skrá sig til þátttöku gegnum vefsíðu samráðsvettvangsins. Á síðunni myndu meðlimir geta sótt sér rafræna fræðslu um réttindi barna, samfélagsleg málefni og álitamál tengd börnum, tekið þátt í atkvæðagreiðslum samráðsvettvangsins, átt samráð við opinberar stofnanir í gegnum samráðsgátt stjórnvalda og kosið sér fulltrúa sem mynduðu fulltrúaráð samráðsvettvangsins. Lagt væri upp með að ná markvisst til jaðarsettra og viðkvæmra hópa barna og stuðla að þátttöku þeirra í starfi vettvangsins.

Opinberum stofnunum væri skylt að leita eftir samráði við samráðsvettvanginn við frumvarpasmíð, stefnumótun er varðaði málefni barna og vinnslu hagsmunamats út frá réttindum barna (tillaga 6). Fyrir vinnuframlag sitt fengi samráðsvettvangurinn greiddan styrk frá opinberum stofnunum. Styrkurinn rynni upp í kostnað við starfsemi ráðsins og starfsmanna þess. Tveir starfsmenn væru ráðnir til að halda utan um starfsemina og aðstoða börn/ungmenni í fulltrúaráðinu. Starfsmennirnir, í samráði og samstarfi við börn og ungmenni, héldu utan um vinnustofur fyrir starfsfólk opinberra stofnana um þátttöku barna í stefnumótun ásamt því að halda utan um samráðfundi opinberra stofnana með börnum og ungmennum.

11. Samráðsgátt stjórnvalda og aðgengi barna að upplýsingum

Markmið: Að samráðsgáttin verði vettvangur þar sem börn og ungmenni geti með auðveldum hætti komið sjónarmiðum sínum á framfæri og sótt upplýsingar. Tryggt verði að upplýsingar um verkefni stjórnvalda séu aðgengilegar börnum og ungmennum.

Unnið verði að því að gera samráðsgátt stjórnvalda barnvæna og aðgengilega börnum og ungmennum. Frumvörp og opinber skjöl er varða börn og ungmenni verði sett þar fram með einfölduðu orðalagi. Markvisst verði unnið með samráðsvettvangi barna og ungmenna (tillaga 10) að því að kynna samráðsgáttina meðal barna og ungmenna.

Stofnanir sem hafa með málefni barna að gera taki til skoðunar aðgengi barna í víðu samhengi, hvort sem um er að ræða vefsíður, kynningarefni, ráðgjöf,

þjónustu, eða þátttöku barna í starfshópum, formlegu samráði, stefnumótun og ákvarðanatöku.

12. Barnvæn sveitarfélög

Markmið: Að öll sveitarfélög á Íslandi verði Barnvæn sveitarfélög og innleiði réttindi barna með markvissum hætti.

Unnið verði að því að öll sveitarfélög á Íslandi hefji markvissa innleiðingu Barnasáttmálans, undir formerkjum verkefnisins *Barnvæn sveitarfélög*. Öllum sveitarfélögum stæði til boða markviss ráðgjöf og fræðsla við innleiðingu verkefnisins frá íslenskum stjórnvöldum og UNICEF á Íslandi.

Samhliða verði unnið að því að þróa og innleiðingarstaðal verkefnisins, í samstarfi við Staðlaráð Íslands eða sambærilega aðila. Í kjölfar þess að staðallinn væri mótaður myndu formlegir úttektaraðilar, t.d. óháðar ráðgjafastofur, sjá um úttekt og viðurkenningu til þeirra sveitarfélaga sem innleiddu staðalinn, til þriggja ára í senn. Stefnt verði að því að öll sveitarfélög á Íslandi hefji markvissa innleiðingu Barnasáttmálans á næstu tíu árum.

13. Skólar og frítímastarf innleiði þátttöku og réttindi barna í starf sitt

Markmið: Að á næstu tíu árum sæki öll börn á leik- og grunnskólaaldri á Íslandi formlega og óformlega menntun sína innan stofnana sem hafa unnið markvisst að því að innleiða Barnasáttmálann inn í starf sitt

Allar stofnanir á vettvangi skóla- og frístundastarfs innleiði Barnasáttmálann með markvissum hætti. Skólar, frístundastarf og íþrótt- og æskulýðsvettvangur vinni markvisst að því að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í allt starf. Við þessa vinnu verði horft til réttindaverkefna fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla og frístundastarf, sem þegar hafa verið innleidd í leik- og grunnskóla með góðum árangri.

